

Solid clouds hf.
Ársreikningur 2025

Solid Clouds hf.
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Kt. 600913-2550

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Solid Clouds hf var stofnað árið 2013. Tilgangur þess er framleiðsla og markaðssetning fjölspilunarleikja.

Þessi ársreikningur er gerður í samræmi við IFRS (alþjóðlega reikningsskilastaðla) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í samræmi við staðla eignfærir félagið tæknigrunn sinn og þróunarkostnað tölvuleikja.

Breytingar varðandi stjórn og lykilstarfsmenn

Á aðalfundi árið 2025 var Bergþóra Halldórsdóttir kjörin í stjórn Solid Clouds hf og Björn Ingi Pálsson var kjörinn til vara í stjórn.

Bergþóra er með ML gráðu í alþjóðalögum frá Háskólanum í Reykjavík, auk náms í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands og frönsku frá Aix-Marseille Universit  . H  n hefur vi  t  ka reynslu   r vi  skiptal  finu og hefur me  al annars starfa   hj     slandsstofu, Samt  kum atvinnul  fsins og Samt  kum    na  arins. H  n st  yrir n   skrifstofu forstj  ra Borealis Data Center.

Bj  rn er me   B.Sc.-gr   u    vi  skiptafr   i og MBA-gr   u fr   H  sk  la   slands. Hann hefur starfa   vi   vi  skipta  r  un, mark   sm  l og   j  nustustj  rnun, a  allega hj   B  laumbo  inu   skju. Hann er n   framkv  mdastj  ri Hentar ehf.

   okt  ber 2025 var Egill   rn Sigurj  nsson r   inn framkv  mdastj  ri Solid Clouds hf. Egill er me   MBA gr   u fr   University of Cambridge auk þess a   vera me   BSc gr   u    hugb  na  arverkfr   i fr   H  sk  la   slands. Hann hefur starfa      leikj  i  na  i b   i      slandi og erlendis me  al annars hj   breska leikjafyrirt  kinu Jagex   tgefanda RuneScape sem er einn st  rsti fj  lspilunarleikur heims. S   an   ri   2020 hefur hann starfa   sem framlei  andi hj   Solid Clouds hf. og leitt framlei  slu leikja f  lagsins.

Rekstur og fj  rhagsleg sta  a

Rekstrartekjur f  lagsins n  mu 114,1 millj. kr.      rinu 2025 og h  kku  u um 14,9 millj. kr. milli   ra e  a um 15%. Tap f  lagsins      rinu 2025 nam 260,7 millj. kr. (2024: 404,5 millj. kr.).

Eigi   f   f  lagsins      rslok nam 1.302,6 millj. kr. (2024: 1.072,8 millj. kr.) a   me  t  ldu hlutaf   f  lagsins a   fj  rh    717,0 millj. kr.   heimilt er a     thluta a   i til hluthafa      rinu 2026, en v  sa   er til   rsreikningsins um j  fnun taps og a  rar breytingar    eiginf  rreikningum.

Me  alfj  ldi starfsmanna f  lagsins      rinu umreikna  ur    heils  rsst  rf (  rsverk) var 19,3 (2024: 20,0).

Breyting    afkomu f  lagsins      rinu 2025 samanbori   vi     ri   2024 sk  rist einkum af auknum tekjum, l  kkun    kostna  i vi   leikjah  nnun, auknum afskriftum      r  unarkostna  i samhli  a eignf  erslu, auk h  rri mark   skostna  ar. Jafnframt sk  rist hluti af mun    tapi   rsins    milli   ra af tekjuskatti sem gjaldf  r  ur var   ri   2024 en kom ekki til gjaldf  erslu      rinu 2025.

Solid Clouds hf. gaf   t breytanlegt skuldab  f    byrjun   rs a   h  fu     sfj  rh    175,0 millj. kr. me   breytigengi 1. B  f    bar 15%   rsvexti.    ma   2025 seldi f  lagi   n  ytt hlutaf   a   nafnver  i 200,6 millj. kr.    genginu 1,5 og nam s  luandvir  i   300,9 millj. kr.    kj  lfari   n  ytti f  lagi   breytir  tt skuldab  f  sins me     vi a   breyta h  fu     l og upps  fnu  um v  xtum    samtals 184,6 millj. hluti    f  laginu.

Handb  rt f   Solid Clouds hf.    lok 2025 nam 101,0 millj. kr. en auk þess gerir f  lagi   r    fyrir a   f   um 129,2 millj. kr. endurgrei  slu fr   Rann  s vegna ranns  knar- og   r  unarkostna  ar    byrjun n  vember 2026. Endurgrei   slur fr   Rann  s eru f  r  ar til l  kkunar    eignf  r  um   r  unarkostna  i vi     tgrei  slu.

Beinar augl  singar eru lykil  ttur    tekju  flun Solid Clouds hf. þ  r sem þ  r gera f  laginu kleift a   n   markvissum   rangri me   m  alanlegum h  tti og sp   fyrir me   nokkurri vissu um   r  un framt   artekna. Kostna  ur vi   augl  singar er   vi ekki einungis   tgjaldali  ur, heldur mynda þ  r   efnislega eign sem ekki er eignf  r        rsreikningi    samr  mi vi   reikningsskilasta  la. F  lagi   augl  sti fyrir 148,3 millj. kr.      rinu 2025. Tekjur vegna þ  irra augl  singa voru 78,7 millj. kr.      rinu 2025 en     la   er a   tekjur n  ustu   ra vegna augl  singa      rinu 2025 ver  i um 82,5 millj. kr. Augl  singakostna  ur   rsins 2025   tti   vi a   skila um 161,2 millj. kr.    tekjur    nokkrum   rum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árið 2025 hófst með góðum markaðstölum á fyrsta ársfjórðungi, en í kjölfarið fylgdi krefjandi tímabil vegna tafa á fjármögnun sem neyddi félagið til að draga verulega úr markaðssetningu og slökkva alfarið á henni í maí 2025. Samhliða þessum breytingum áttu sér stað breytingar í yfirstjórn þegar Stefán Gunnarsson og Stefán Björnsson viku frá félaginu, og var ráðist í umfangsmikla hagræðingu sem skilaði því að mánaðarleg föst útgjöld lækkuðu um allt að 50%. Eftir að utanaðkomandi markaðsstofa skilaði ekki tilætluðum árangri ákvað félagið að færa starfsemi við markaðssetningu sína að fullu innanhúss við upphaf fjórða ársfjórðungs. Sú ákvörðun bar skjótan árangur og batnaði arðsemi auglýsinga (ROAS) verulega á síðustu mánuðum ársins.

Samhliða rekstrarlegri hagræðingu náðist stór áfangi í vöruþróun með útgáfu Voidbreach uppfærslunnar í lok árs 2025. Með henni tókst félaginu að fylla í mikilvægt tómarúm í lokaleiks-kerfum Starborne Frontiers, sem lengdi líftíma spilara og jók varðveislu þeirra. Uppfærslan bauð upp á dýpri samvinnu í gegnum bandalög og nýjar áskoranir fyrir lengra komna, sem endurspegladist í því að virkni í samvinnukerfum þrefaldaðist eftir útgáfu. Árangurinn sýndi sig einnig í spilun kjarnahópsins, þar sem meðalfjöldi spílalota hvers spilara á mánuði ríflega tvöfaldaðist og fór úr u.þ.b. 600 í yfir 1.250 lotur í janúar 2026. Þessi þróun leggur traustan grunn að áformum félagsins um aukna útbreiðslu á nýjum markaðstorgum og frekari alþjóðavæðingu leiksins á komandi ári.

Áhættuþættir

Solid Clouds hf. treystir á beina markaðssetningu til að afla viðskiptavina og tekna. Félagið þarf að geta auglýst fyrir tiltekna fjárhæð og á sama tíma að viðhalda ásættanlegri arðsemi auglýsinga til að ná jákvæðri rekstrarafkomu. Auk þess sem fjármagna þarf markaðssókn félagsins.

Hluthafar

Hluthafar í árslok 2025 voru 1.614 en þeir voru 1.608 í ársbyrjun og hefur því fjölgað um 6 á árinu. Eftirtaldir eru tíu stærstu hluthafar í árslok 2025:

	Eignarhluti
1961 ehf	18,5%
Festa - lífeyrissjóður	10,9%
Birta - lífeyrissjóður	7,0%
Fea ehf	5,3%
Lífswerk lífeyrissjóður	4,8%
Stefán Þór Björnsson	4,5%
Stefán Gunnarsson	4,1%
Íslandsbanki hf, safnskráning	2,8%
Kjölur fjárfestingarfélag ehf	2,6%
Eggert Árni Gíslason	1,6%
Aðrir hluthafar (1.604)	37,9%
	100,0%

Hlutfé

Skráð hlutfé félagsins nam 717,0 millj. kr. í árslok 2025. Hver hlutur er 1 króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Nánari upplýsingar er að finna í skýringu 14.

Stjórnhættir

Stjórn Solid Clouds hf leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem skilgreina valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra með skýrum hætti og hafa að geyma ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna, þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og önnur atriði. Kynjahlutfall í stjórn félagsins er tvær konur (40%) og þrír karlar (60%).

Meirihluti stjórnarmanna telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum og helstu hluthöfum þess. Ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn má finna á vefsetri félagsins, www.solidclouds.com.

Mismunur á grundvelli kyns, uppruna, lítarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, menningar, trúarbragða eða annarrar stöðu er ekki liðin hjá Solid Clouds hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og helstu áhættuþætti og óvissu sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Solid Clouds hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 31. mars 2026

Stjórn:

Eggert Árni Gíslason

Davíð Gunnarsson

Bergþóra Halldórsdóttir

Andrea Olsen

Skúli Skúlason

Framkvæmdastjóri:

Egill Sigurjónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Solid Clouds hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Solid Clouds hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi.

Samanburðarfjárhæðir

Ársreikningur félagsins 31. desember 2024 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritun er dagsett 28. mars 2025 og er fyrirvaralaus með ábendingu um rekstrarhæfi.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Veruleg óvissa tengd rekstrarhæfi

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar vekjum við athygli á skýringu 2e í ársreikningnum, þar sem fram kemur að í árslok 2025 nam handbært fé félagsins 101,0 millj. kr. og að félagið hyggst fjármagna áframhaldandi rekstur og þróunarverkefni á árinu 2026 með því handbæra fé sem fyrir hendi er við upphaf árs, auk væntrar tekjuöflunar og fyrirhugaðrar nýfjármögnunar. Ef fjármögnun næst ekki er hætt á að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eins og fram kemur í skýringunni bendir þetta til verulegrar óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi, þ.e. ef áætlanir stjórnenda ganga ekki eftir.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögg mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 31. mars 2026

KPMG ehf.

Hlynur Sigurðsson

Anna Guðrún Gunnlaugsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur af leik	5	114.113	99.207
Innheimtukostnaður vegna tekna af leik		(19.934)	(17.176)
		<u>94.179</u>	<u>82.030</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	28.468	19.925
Kostnaður við leikjahönnun	7	5.360	27.911
Kostnaður við auglýsingar		148.329	134.245
Annar rekstrarkostnaður	8	27.985	32.787
Afskriftir	10	133.224	114.620
		<u>343.366</u>	<u>329.489</u>
Rekstartap		(249.187)	(247.459)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		3.703	6.492
Vaxtagjöld		(14.183)	(2.751)
Gengismunur		(1.049)	(1.008)
		<u>(11.528)</u>	<u>2.732</u>
Tap fyrir tekjuskatt		(260.715)	(244.727)
Tekjuskattur	13	<u>0</u>	<u>(159.736)</u>
Tap og heildarafkoma ársins		<u>(260.715)</u>	<u>(404.462)</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Þróunarkostnaður	11	1.240.371	1.134.825
Leigueign	12	6.231	4.742
Fastafjármunir		1.246.602	1.139.567
Viðskiptakröfur		6.981	16.871
Aðrar skammtímakröfur		6.540	4.199
Handbært fé		101.041	14.035
Veltufjármunir		114.562	35.105
Eignir samtals		1.361.164	1.174.672
Eigið fé			
Hlutfé		717.044	331.800
Yfirverðsreikningur hlutafjár		0	129.437
Bundið eigið fé vegna þróunarkostnaðar		1.240.371	1.134.825
Kaupréttarsamningar		25.805	20.861
Ójafnað eigið fé		(680.660)	(544.139)
Eigið fé	14	1.302.561	1.072.783
Leiguskuldir	12	6.259	4.767
Viðskiptaskuldir		14.592	13.500
Skuldir við tengda aðila	17	0	43.333
Aðrar skammtímaskuldir	15	37.753	40.289
Skammtímaskuldir		58.603	101.889
Skuldir samtals		58.603	101.889
Eigið fé og skuldir samtals		1.361.164	1.174.672

Skýringar á blaðsíðum 12 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit ársins 2025

	Hlutfé	Yfirverðsr hlutfjár	Bundið eigið fé	Kaupréttar- samningar	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samts
Árið 2025						
Eigið fé 1.1.2025	331.800	129.436	1.134.825	20.861	(544.139)	1.072.783
Skuldabréf breytt í hlutfé ..	184.637					184.637
Innborgað hlutfé	200.607	100.304				300.911
Ójafnað eigið fé jafnað á móti yfirverðsreikning		(229.740)			229.740	0
Tap ársins					(260.715)	(260.715)
Binding eigin fjár			105.546		(105.546)	0
Kaupréttarsamningar				4.944		4.944
Eigið fé 31.12.2025	717.044	0	1.240.371	25.805	(680.659)	1.302.560
Árið 2024						
Eigið fé 1.1.2024	184.199	198.808	995.148	13.944	(216.973)	1.175.126
Innborgað hlutfé	147.601	147.601				295.202
Ójafnað eigið fé jafnað á móti yfirverðsreikning		(216.973)			216.973	0
Tap ársins					(404.462)	(404.462)
Binding eigin fjár			139.677		(139.677)	0
Kaupréttarsamningar				6.917		6.917
Eigið fé 31.12.2024	331.800	129.436	1.134.825	20.861	(544.139)	1.072.783

Skýringar á blaðsíðum 12 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap	(	249.187)	(247.459)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gjaldfærsla kaupréttarsamninga	6	4.944	6.917
Afskriftir þróunarkostnaðar og leigueigna	10	133.224	114.620
Veltufé til rekstrar		(111.018)	(125.922)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		7.549	(6.736)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(1.445)	16.123
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		6.105	9.387
Vaxtatekjur		3.703	6.492
Vaxtagjöld		(4.489)	(2.618)
Handbært fé til rekstrar		(105.699)	(112.662)
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfærður þróunarkostnaður	11	(372.429)	(380.409)
Styrkir færðir til lækkunar á þróunarkostnaði	11	139.617	131.284
Fjárfestingarhreyfingar		(232.811)	(249.125)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutfé að frádrægnum kostnaði við hlutafjárútbóð		300.911	295.202
Skuldabréfalán frá tengdum aðilum		131.667	43.200
Afborgun af leiguskuld		(6.013)	(5.575)
Fjármögnunarhreyfingar		426.565	332.827
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		88.054	(28.960)
Handbært fé í ársbyrjun		14.035	44.003
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(1.049)	(1.008)
Handbært fé í árslok		101.040	14.035
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Hlutafjáraukning		184.637	0
Skuldabréfalán frá tengum aðila	(	184.637)	0
Leigueign		1.489	0
Leiguskuld	(	1.489)	0

Skýringar á blaðsíðum 12 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Solid clouds hf. („Félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Vegmúla 2 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í vinnu við upplýsingatækni, hugbúnaðarþróun og gerð og markaðssetningu tölvuleikja.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt í samræmi við viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikning þennan þann 31. mars 2026.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að öðru leyti en því að kaupréttarsamningar sem metnir eru á gangvirði við úthlutun þeirra.

c. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söluverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati. Mat stjórnenda hefur mest áhrif í tengslum við ákvörðun um eignfærslu þróunarkostnaðar og við mati á eignfærslu skattseignar. Í skýringu 3g og skýringu 11 eru nánari upplýsingar er varða eignfærslu þróunarkostnaðar og í skýringu nr. 13 er fjallað um skatteign.

e. Rekstrarhæfi

Í árslok 2025 nam handbært fé félagsins 101,0 millj. kr. Félagið áætlað að fjármagna áframhaldandi rekstur og þróunarverkefni á árinu 2026 með því handbæra fé sem er til staðar í upphafi árs, auk væntrar tekjuöflunar og fyrirhugaðrar viðbótarfjármögnunar. Stjórnendur vinna nú markvisst að nýrri fjármögnun félagsins sem miðar að útgáfu skuldabréfa til að tryggja rekstrarfé til lengri tíma og styðja við áframhaldandi vöxt og markaðssókn. Sú vinna er þegar hafin á fyrri hluta ársins 2026 og er lögð áhersla á að ljúka henni á næstu mánuðum til að mæta áætlaðri fjárförð félagsins.

Veruleg óvissa ríkir um áætlað framtíðarsjóðstreymi félagsins ef framangreindar áætlanir ganga ekki eftir. Ef áætluð fjármögnun í formi skuldabréfaútgáfu eða önnur sambærileg fjáröflun næst ekki, þarf félagið bæði á tímabundnum stuðningi hluthafa að halda ásamt því að grípa til frekari aðhaldsaðgerða í rekstri til að tryggja að félagið hafi fullnægjandi handbært fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga.

Ársreikningur félagsins er settur fram miðað við áframhaldandi rekstur.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi.

b. Innlausn tekna

Félagið hefur tekjur af sölu rafrænna vara (e. virtual goods) í þeim tölvuleikjum sem félagið hefur gefið út. Tekjur af þeim eru skráðar þegar spilarar hafa fengið þær afhentar.

c. Styrkir frá stjórnvöldum

Ríkisstyrkir sem tengjast þróunarkostnaði hafa verið færðir til lækkunar á eignfærðum þróunarkostnaði til að jafna þeim á móti kostnaðinum sem þeim er ætlað að mæta. Ríkisstyrkir eru færðir við útgreiðslu, ekki er færð krafa vegna styrkja.

Styrkur frá Rannís vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar ársins 2025 kemur til greiðslu í byrjun nóvember 2026 að fengnu samþykki frá yfirvöldum.

d. Starfskjör

Laun starfsmanna eru eignfærð þegar vinna þeirra hefur verið innt af hendi og er vegna þróunar á eignfærsluhæfum verkefnum, en gjaldfærð ef skilyrðum fyrir eignfærslu er ekki fullnægt. Skuld er færð fyrir þá fjárhæð sem búist er við að verði greidd síðar ef félagið hefur núverandi lagalega eða samningsbundna skyldu til að greiða þá fjárhæð vegna fyrri þjónustu sem starfsmaðurinn hefur veitt og hægt er að áætla fjárhæðinga með áreiðanlegum hætti.

Fyrirtækið greiðir iðgjöld fyrir starfsmenn vegna iðgjalda sem tengjast lífeyrissjóðum. Fyrirtækið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna.

Í skýringu 12d eru upplýsingar um kaupréttarsamninga starfsmanna en félagið hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn svo að hagsmunir þeirra fari sem best saman við hagsmuni hluthafa.

e. Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru af handbæru fé og eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skýringar, frh.:

g. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnaðarverð hennar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir félagsins eru tölvuleikur í þróun og tæknigrunnur félagsins en félagið hefur skipt eignfærðum þróunarkostnaði niður á tæknigrunn og Sovereign Space og Frontiers leikina. Eignirnar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum styrkjum og afskriftum sem eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma þeirra sem er mismunandi miðað við undirliggjandi eignir. Áætlaður nýtingartími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers árs.

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- að félagið geti lokið þróun óefnislegu eignarinnar þannig að hún sé tilbúin til notkunar eða komin í söluhæft ástand,
- að félagið ætli sér að ljúka við þróunar eignarinnar og nota hana eða selja,
- að félagið sýni fram á möguleika sína til að selja eignina,
- að félagið sýni fram á að eignin komi til með að skila tekjum í framtíðinni,
- að félagið hafi næga tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu,
- að félagið hafi getu til að meta útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti.

Eignfærsla þróunarkostnaðar á sér aðeins stað þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt en annars er hann gjaldfærður þegar hann fellur til.

Það er mat stjórnenda að eignfærsla þróunarkostnaðar uppfylli öll ofangreind skilyrði.

h. *Leigueignir og leiguskuld*

Við upphaf leigusamnings færir leigutaki inn leigueign sem er réttur til að nota undirliggjandi eign og leiguskuld sem er skylda til að greiða leigugreiðslur. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði, sem samanstandur af upphæð leiguskuldar leiðrétt fyrir öllum leigugreiðslum sem greiddar voru á upphafsdegi eða ásamt öllum beinum upphaflegum kostnaði og áætlun um kostnað við að taka í sundur og fjarlægja undirliggjandi eign eða til að endurheimta undirliggjandi eign að frádregnum mótteknum hvötum til leigu.

Leigueignin er bókfærð á meðal fastafjármuna í ársreikningnum og afskrifuð í kjölfarið með línulegri aðferð frá upphafsdegi leigusamnings til loka nýtingartíma leigueignar.

Leiguskuldin er upphaflega metin á núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamnings, núvirt með ávöxtunarkröfu félagsins.

i. *Fjáreignir*

Fjáreignir félagsins eru handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur. Félagið ætlar sér að eiga þær til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum þar sem það á við. Umfjöllun um vænt útlánatap af fjáreignum má finna í skýringu 16b.

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

j. *Fjárskuldir og eiginfjárgerningar*

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félagsins eftir að allar skuldir hafa verið dregnar frá. Eiginfjárgerningar útgefnir af féluginu eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu þeirra.

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

4. Breytingar á reikningsskilastöðlum

Nokkrar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2026 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Áhrif þessara breytinga eru áætluð óveruleg á reikningsskilfélagsins, utan IFRS18 sem fjallar um framsetningu og upplýsingagjöf í reikningsskilum, sem mun breyta framsetningu rekstrarreiknings, en hafa ekki áhrif á afkomu eða eigið fé. Áhrif staðalsins hafa ekki verið metin.

5. Landfræðileg skipting tekna félagsins

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu tekna af sölu tölvuleikja félagsins í mismunandi löndum m.v. 15 stærstu lönd árin 2025 og 2024:

	2025		2024	
	Sala í þús. kr.	Hlutfall af sölu	Sala í þús. kr.	Hlutfall af sölu
Bandaríkin	40.068	35,11%	50.022	50,42%
Þýskaland	10.253	8,98%	10.143	10,22%
Bretland	6.590	5,77%	12.237	12,33%
Ástralía	6.539	5,73%	3.203	3,23%
Kanada	3.790	3,32%	3.119	3,14%
Holland	3.550	3,11%	1.647	1,66%
Frakkland	3.172	2,78%	956	0,96%
Pólland	3.045	2,67%	617	0,62%
Rúmenía	2.889	2,53%	1.290	1,30%
Suður-Kórea	2.826	2,48%	1.199	1,21%
Singapúr	2.825	2,48%	93	0,09%
Katar	2.700	2,37%	6	0,01%
Taíland	1.887	1,65%	101	0,10%
Ítalía	1.763	1,54%	246	0,25%
Malasía	1.687	1,48%	102	0,10%
93 / 47 önnur lönd	20.529	17,99%	14.226	14,34%
Tekjur af leik alls	114.113	100,00%	99.207	100,00%

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	214.101	219.438
Gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttarsamninga	4.944	6.917
Launatengd gjöld	42.097	40.734
Laun og launatengd gjöld samtals	261.143	267.089
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(232.675)	(247.164)
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi	28.468	19.925
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu, umreiknað í heildarstörf	19,3	20

Heildarlaun stjórnar og lykilstjórnenda félagsins (2025: þrír starfsmenn, átta stjórnarmenn, 2024: tveir starfsmenn, átta stjórnarmenn) námu samtals 46,9 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 42,1 millj. kr.) og mótframlag í lífeyrissjóði nam 5,1 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 4,5 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

7. Kostnaður við leikjahönnun

Kostnaður við leikjahönnun í rekstrarreikningi sundurliðast þannig:

	2025	2024
Kostnaður við leikjahönnun	105.986	90.512
Eignfærður þróunarkostnaður vegna kostnaður við leikjahönnun	(100.625)	(62.601)
Kostnaður við leikjahönnun í rekstrarreikningi	<u>5.360</u>	<u>27.911</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi sundurliðast þannig:

Annar rekstrarkostnaður	67.112	103.432
Eignfærður þróunarkostnaður vegna annars rekstrarkostnaðar	(39.127)	(70.644)
Annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi	<u>27.985</u>	<u>32.787</u>

Kostnaður vegna auglýsinga er sérgreindur í rekstrarreikningi og er því ekki partur af öðrum rekstrarkostnaði hér að ofan. Kostnaður vegna auglýsinga er ekki eignfærður á meðal þróunarkostnaðar og er því gjaldfærður í rekstrarreikningi félagsins.

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á árinu 2025 sundurliðast þannig:

	Eignfærður kostnaður	Gjaldfærður kostnaður	Heildarkostn. 2025
Laun og launatengd gjöld	232.675	28.468	261.143
Kostnaður við leikjahönnun	100.625	5.360	105.986
Kostnaður við auglýsingar	0	148.329	148.329
Annar rekstrarkostnaður	39.127	27.985	67.111
Rekstrarkostnaður alls árið 2025	<u>372.427</u>	<u>210.141</u>	<u>582.568</u>

Rekstrarkostnaður á árinu 2024 sundurliðast þannig:

	Eignfærður kostnaður	Gjaldfærður kostnaður	Heildarkostn. 2024
Laun og launatengd gjöld	247.164	19.925	267.089
Kostnaður við leikjahönnun	62.601	27.911	90.512
Kostnaður við auglýsingar	0	134.245	134.245
Annar rekstrarkostnaður	70.644	32.787	103.431
Rekstrarkostnaður alls árið 2024	<u>380.409</u>	<u>214.869</u>	<u>595.277</u>

10. Afskriftir

Í rekstrarreikningi sundurliðast afskriftir þannig:

	2025	2024
Afskrift þróunarkostnaðar sbr. skýringu 11	127.265	109.447
Afskrift leigueigna sbr. skýringu 12	5.958	5.173
Afskriftir þróunarkostnaðar og leigueigna skv. rekstrarreikningi	<u>133.224</u>	<u>114.620</u>

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Þróunarkostnaður félagsins byggir á framleiðslu á fjölspilunarleikjum og tæknigrunni sem hægt er að beita til að gera slíka leiki fyrir alþjóðamarkað. Framleiðsla slíkra leikja er almennt flókin, tímafrek og dýr. Eins og fram kemur í skýringu 3g er það mat stjórnenda að eignfærsla þróunarkostnaðar uppfylli allar kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla um eignfærslu þróunarkostnaðar.

Þróunarkostnaður er afskrifaður yfir áætlaðan nýtingartíma hvers þróunarverkefnis. Nýtingartíminn er metin frá 5 árum til 20 ára.

Þróunarkostnaður og afskriftir hans greinast þannig:

	2025	2024
Bókfært verð 1.1	1.134.825	995.148
Eignfærður þróunarkostnaður	372.427	380.409
Styrkir færðir til lækkunar á þróunarkostnaði	(139.617)	(131.284)
Afskrift þróunarkostnaðar á árinu	(127.266)	(109.447)
Bókfært verð 31.12	1.240.371	1.134.825
Afskriftarhlutfall tæknigrunnur	5%	5%
Afskriftarhlutfall Sovereign Space leikur	20%	20%
Afskriftarhlutfall Frontiers leikur	10%	10%

Eignfærður þróunarkostnaður í sundurliðast þannig:

Eignfærður kostnaður við leikjahönnun, sjá skýringu 7	100.625	62.601
Eignfærð laun og launatengd gjöld, sjá skýringu 6	232.675	247.164
Eignfærður annar rekstrarkostnaður, sjá skýringu 8	39.127	70.644
Eignfærður þróunarkostnaður alls	372.427	380.409
Styrkir færðir til lækkunar á þróunarkostnaði	(139.617)	(131.284)
Eignfærður þróunarkostn., nettó af mótteknum styrkjum	232.809	249.125

12. Leigueignir og leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	2025	2024
<i>Leigueignir</i>		
Leigueign 1.1	4.741	4.472
Breyting leigueigna á árinu	7.448	5.442
Afskrift leigueigna á árinu	(5.958)	(5.173)
Leigueign 31.12	6.231	4.741
<i>Leiguskuldir</i>		
Skammtímaskuldir	6.259	4.767
Leiguskuldir samtals	6.259	4.767

Húsaleigusamningur vegna skrifstofuhúsnæðis félagsins rann út í árslok 2025. Í árslok 2025 gerði félagið leigusamning um núverandi skrifstofuhúsnæði. Samningurinn gildir til loka janúar 2027. Leiguverð er verðtryggt skv. byggingarvísitölu og eru greiðslur inntar af hendi mánaðarlega. Leigukostnaður telst til gjalda og er færður í rekstrarreikning undir öðrum rekstrarkostnaði.

Í rekstrarreikningi eru eftirfarandi gjaldfærslur vegna leigusamninga:

Afskrift leigueigna	5.958	5.173
Vaxtagjöld	57	712
Samtals gjaldfært vegna leigusamninga	6.015	5.885

Félagið greiddi 6,0 millj. kr. í húsaleigu á árinu 2025 (2024: 6,3 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

13. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2025, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum 2025 nam 2.441,6 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2025 er nýtanlegt sem hér segir:

	2025
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	68.585
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	106.974
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	109.360
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	160.170
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	198.255
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	307.902
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	377.226
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	411.758
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	515.395
Skattalegt tap ársins 2025, nýtanlegt til ársloka 2035	185.954
Ójafnað skattalegt tap samtals	2.441.579

Ekki er færð upp skatteign vegna tapsins vegna óvissu um nýtingu, ófærð skatteign nemur 311,5 millj. kr.

14. Eigið fé

a. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur 717,0 millj. kr. í árslok 2025 (31.12.2024: 331,8 millj. kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu og er nafnverð hluta ein króna.

b. Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir yfirverð sem greitt hefur til félagsins við hlutafjárhækkanir að frádregnu því yfirverði sem notað hefur verið til að jafna óráðstafað eigið fé.

c. Bundið eigið fé

Í samræmi við lög um ársreikninga er samsvarandi fjárhæð og nemur eignfærðum þróunarkostnaði færð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Bundni reikningurinn er leystur upp til jafns við afskriftir þróunarkostnaðarins í rekstrarreikningi.

d. Kaupréttarsamningar

Stjórn félagsins samþykkti nýja kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn og vertaka félagsins á árinu 2021. Kaupréttaráætlunin er til fjögurra ára þar sem starfsfólk hefur rétt til að kaupa fyrirfram skilgreindan fjölda hluta árlega miðað við úthlutaðan fjölda. Yfir fjögurra ára tímabil, hefur starfsmaður heimild til að kaupa 17% af úthlutuðum fjölda 1. janúar 2022, 21% af úthlutuðum fjölda 1. janúar 2023 og 1. janúar 2024 og 20% af úthlutuðum fjölda 1. janúar 2025. Kaupgengið er 10 kr. á hlut. Starfsmaður skal vera í óslitinni vinnu hjá félaginu til loka hvers árs.

Kaupréttirnir bera hvorki rétt til arðs né atkvæðisréttar. Kaupréttirnir skiptast í fjóra hluta sem verða innleysanlegir á fjögurra ára tímabili. Ávinnslutímabil fyrsta hlutans er eitt ár, ávinnslutímabil annars hluta tvö ár o.s.frv. Hver hluti er gjaldfærður á sínu ávinnslutímabili, og er því heildargjaldfærsla vegna kaupréttar mest á fyrsta ári, en fer svo stíglækkandi þar til öllum fjórum ávinnslutímabilum er lokið.

Gangvirði kaupréttarsamninga er metið á samningsdegi og gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem ávinnsla á sér stað. Mótfærsla verður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes reikniformúlunni, þar sem horft er til gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flökt á gengi hlutabréfa félagsins (50%), gildistíma samninga og áhættulausa vexti (7,6%). Fjöldi nýtanlegra kaupréttar í árslok er 9.501.033.

Skýringar, frh.:

d. *Kaupréttarsamningar, frh.*

Eftirfarandi tafla sýnir greiningu á kaupréttarsamningum á árinu 2025:

	Fjöldi hluta	Meðal inn- lausnarverð
Kaupréttarsamningar í ársbyrjun 2025	8.928.823	10
Veittir kaupréttir á árinu 2025	1.500.000	1
Útrunnir kaupréttir á árinu 2025	(927.790)	10
Kaupréttarsamningar í árslok 2025	9.501.033	8,6

Alls eru 19 starfsmenn og verktaki með kaupréttarsamning hjá félaginu í árslok 2025.

Eftirfarandi tafla sýnir greiningu á kaupréttarsamningum á árinu 2024:

	Fjöldi hluta	Meðal inn- lausnarverð
Kaupréttarsamningar í ársbyrjun 2024	9.653.823	10
Útrunnir kaupréttir á árinu 2024	(725.000)	10
Kaupréttarsamningar í árslok 2024	8.928.823	10

15. **Aðrar skammtímaskuldir**

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	37.730	40.229
Ógreitt útlagsgjald	22	21
Skuld við tengda aðila	0	39
Aðrar skammtímaskuldir samtals	37.752	40.289

16. **Stýring fjármálaeigarar áhættu**

a. *Yfirlit*

Félagið stendur frammi fyrir eftirfarandi áhættum í rekstri sínum:

*Lánsáhættu, sjá b.

*Lausafjárahættu, sjá c.

*Markaðsáhættu (gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta), sjá d.

*Rekstraráhættu, sjá e.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunum. Jafnframt fylgja með ýmsar tölulegar upplýsingar.

Stjórn félagsins ber heildarábyrgð á því að koma á og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins að sjá um daglegt eftirlit með áhættum félagsins.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Þá er markmiðið enn fremur að stýra áhættu á skilvirkan hátt og miðast áhættustýring við að áhætta sé í samræmi við áhættuvilja og stefnu félagsins og er þannig stuðlað að auknum stöðugleika og langtíma arðsemi. Áhættustýring félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins hverju sinni. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Skýringar, frh.:

b. Lánsáætta

Lánsáætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Félagið lánar ekki viðskiptavinum sínum. Útistandandi viðskiptakröfur félagsins í árslok 2025 eru kortakröfur, kröfur á Google, Apple, Valve (Steam), Adyen. Handbært fé félagsins er geymt á reikningum hjá Arion banka.

Mögulegt tap vegna lánsáættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi á reikningsskiladegi:

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	13.521	19.477
Handbært fé	101.041	14.035
Mest mögulega tap vegna fjáreigna	114.562	33.512

Virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

	Nafnverð		Virðisrýrnun	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Ógjaldfallið	13.521	19.477	0	0
Kröfur samtals	13.521	19.477	0	0

Það er mat stjórnenda að útlánaáætta af fjáreignum sé óveruleg, þar sem um er að ræða kreditkortakröfur sem eru nú innheimtar og bankainnstæður sem bera óverulega útlánaáættu. Það er því mat stjórnenda að áhrif útlánaáættu í heild séu óveruleg og engin niðurfærsla er færð vegna útlána félagsins.

c. Lausafjáráætta

Lausafjáráætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, þar með talið væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31. desember 2025

	Samningsbundið		Innan árs	Eftir 1-5 ár
	Bókfært verð	sjóðflæði		
Leiguskuldir	6.259	6.201	6.201	517
Viðskiptaskuldir	14.592	14.592	14.592	0
Aðrar skammtímaskuldir	37.753	37.753	37.753	0
Fjárskuldir samtals	58.603	58.545	58.545	517

31. desember 2024

	Samningsbundið		Innan árs	Eftir 1-5 ár
	Bókfært verð	sjóðflæði		
Leiguskuldir	4.767	4.851	4.851	0
Viðskiptaskuldir	13.500	13.500	13.500	0
Skuldir við tengda aðila	39	39	39	0
Skuldabré lán v tengda	43.333	44.687	44.687	0
Aðrar skammtímaskuldir	40.251	40.251	40.251	0
Fjárskuldir samtals	101.889	103.328	103.328	0

Skýringar, frh.:

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður

Gjaldmiðlaáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna sölu, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR og USD.

Félagið ver sig ekki sérstaklega fyrir gengisáhættu með framvirkum samningum. Stjórnendur fara reglulega yfir gjaldeyrisáhættu félagsins með það að markmiði að takmarka hana eins og frekast er unnt.

Eignir og skuldir í erlendri mynt voru eftirfarandi í árslok:

31. desember 2025	EUR	USD	Samtals
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4.576	2.419	6.995
Handbært fé	7.068	50	7.118
Viðskiptaskuldir	(3.521)	(7.220)	(10.740)
Gengisáhætta félagsins	8.123	(4.751)	3.372
31. desember 2024	EUR	USD	Samtals
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7.736	8.816	16.552
Handbært fé	626	173	799
Viðskiptaskuldir	(5.359)	(4.769)	(10.128)
Gengisáhætta félagsins	3.003	4.220	7.223

Gengi helstu gjaldmiðla á árunum 2025 og 2024 var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	Árið 2025	Árið 2024	Árið 2025	Árið 2024
EUR	144,65	149,14	147,20	143,90
USD	128,37	137,93	125,20	138,20

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok mundi hafa hækkað (lækkað) eigið fé félagsins og afkomu um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur haldist óbreyttar.

	31.12.2025	31.12.2024
EUR	812	300
USD	(475)	422

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

e. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi eða tjóni sem getur orðið af völdum margra þátta í starfsemi félagsins, vinnu starfsmanna þess, tækni og skipulagi, og ytri þáttum svo sem vegna breytinga á lögum og almennra viðhorfa til stjórnunarhátta fyrirtækja. Rekstraráhætta myndast í allri starfsemi félagsins.

Það er stefna félagsins að stýra rekstraráhattu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír þess, jafnframt því að starfsreglur takmarki ekki frumkvæði og sköpunargáfu starfsmanna.

Til að draga úr rekstraráhattu hefur félagið gripið til ýmissa ráðstafana. Þar má meðal annars nefna að félagið hefur komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, lagt áherslu á góð starfsskilyrði, lagt áherslu á kostnaðargreiningar, áætlanagerð og haft eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög, unnið reglulegt mat á áhættu, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og fleira.

Skýringar, frh.:

17. **Tengdir aðilar**

a. *Skilgreining*

Hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila félagsins

b. *Viðskipti við tengda aðila og lykilstjórnendur*

Vísað er til skýringar 6 um laun og hlunnindi til lykilstjórnenda félagsins.

Félagið fékk skuldabréfalán með breytirétti að fjárhæð 175 millj. kr. hjá tengdum aðilum í ársbyrjun 2025. Lánin báru 15% vexti og var breytt í hlutafé í að nafnvirði 184,6 millj. kr. á genginu¹ í júní 2025. Engin önnur viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2025.

Viðskiptastöður við tengda aðila:

31.12.2025

31.12.2024

Skuldir við tengda aðila í árslok 0 43.333